

Póstmannafélag Íslands
Grettisgötu 89
105 Reykjavík

15. janúar 2004

Varðar: ferðir starfsmanna frímerkjasölu Íslandspósts hf. til og frá vinnustað.

Þuríður Einarsdóttir, formaður Póstmannafélag Íslands (PFÍ) hefur með bréfi dags. 7. janúar sl. óskað álits réttindanefndar BSRB á því hvort Íslandspósti hf. sé heimilt að láta ferðir starfsmanna frímerkjadeildar Íslandspósts hf. frá Reykjavík til Keflavíkur og til baka vera á eigin tíma starfsmannanna en ekki hluti af vinnutíma þeirra.

Málsatvik eru þau, skv. bréfi PFÍ, að 1. júní 2003 var ákveðið að flytja starfsemi frímerkjadeildar Íslandspósts hf. frá Reykjavík til Keflavíkur. Starfsmenn frímerkjadeildar áttu þess kost að halda sínum störfum og í byrjun náðist samkomulag um að fyrirtækið legði til bifreið fyrir starfsmenn sem færi frá Mjódd til Keflavíkur og til baka. Aðstæður starfsmanna hvað varðaði ferðir til og frá vinnu breyttust ekki að öðru leyti en því að þurfa að byrja vinnudaginn og enda með 40 mínútna ökuferð. Í lok desember tilkynnti Íslandspóstur hf. að breyting yrði á og ferðirnar til og frá vinnu yrðu að einhverju leyti í eigin tíma starfsmanna.

Ágreiningsefnið í máli þessu er hvort starfsmennirnir eigi að nota eigin tíma til ferðalaga til og frá vinnu umfram það sem var á meðan starfsemin var í Reykjavík.

Samkvæmt ráðningarsamningum starfsmannanna er vinnustaður þeirra höfuðborgarsvæðið. Í þessu felst að starfsmönnum ber á eigin kostnað og í eigin tíma að mæta til vinnu innan höfuðborgarsvæðisins. Sú ákvörðun að flytja starfsemina til Keflavíkur leiðir til þess samkvæmt almennum reglum að vinnuveitanda ber að kosta ferðir starfsmannanna af höfuðborgarsvæðinu til Keflavíkur og jafnframt að greiða laun fyrir þann tíma sem ferðirnar taka.

F.h. réttindanefndar BSRB

Erna Guðmundsdóttir, hdl.